



Reykjavík, 29. apríl 2019
R19040222

Borgarráð
Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um notkun á frístundakorti til að greiða niður sumarnámskeið

Með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dagsettu í dag er óskað eftir umsögn ÍTR um eftirfarandi fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands.

„Afhverju er ekki hægt að nota frístundakortið til að niðurgreiða sumarnámskeið? Í reglum kemur fram að ekki séu veittir styrkir vegna hefðbundinna sumarnámskeiða sem ná ekki 10 vikna lengd nema sérstök og málefnaleg sjónarmið eigi við. Íþrótt- og tómstundasvið metur hvort veita eigi undanþágu hverju sinni. Hver er ástæða þess?“

Rannsóknir sem ÍTR hefur aðgang að varðandi aðstæður barna og unglinga í hverfum borgarinnar sýna að félagslegar aðstæður geta verið mjög mismunandi.

Frístundakortinu er að hluta til ætlað að reyna að vega upp á móti þessu og styrkja félagsfærni barna. Þess vegna var tíu vikna reglan um lengd námskeiða sett. Til að tryggja eftir föngum að iðkendur tengist félagslegu umhverfi yfir ákveðinn lágmarkstíma. Stutt námskeið, jafnvel þó þau innibæru sama tímafjölda, hefðu ekki sömu áhrif. Rannsóknir hafa sýnt fram á að reglubundin þátttaka í skipulegu frístundastarfi er líklegri til að leiða til þess að iðkendur temji sér lífstíl þar sem slík þátttaka væru sjálfsagður og eðlilegur hluti af tilverunni.

Með því að ráðstafa öllu Frístundakortinu á eitt stutt námskeið skerði það möguleika barnsins til að greiða fyrir virka þátttöku í frístundastarfi sem stendur yfir í lengri tíma.

Íþrótt- og tómstundaráð samþykkti árið 2008 einu undanþáguna sem veitt hefur verið frá þessari reglu en hún sneri að sumarþúðum fatlaðra barna í Reykjadal með þeim rökum að framboð frístundastarfs fyrir þennan hóp væri takmarkað og þetta liður í að jafna möguleika á nýtingu Frístundakortsins.

Að lokum má nefna að skóla- og frístundasvið býður börnum upp á niðurgreidd sumarnámskeið í öllum hverfum borgarinnar ásamt því að ÍTR styrkir íþrótt- og æskulýðsfélög vegna sumarnámskeiða þeirra með því að greiða laun ákveðins fjölda starfsmanna á hverjum stað.

Ómar Einarsson

Frá: ÍTR netfang
Sent: mánudagur, 29. apríl 2019 11:26
Til: Ómar Einarsson
Efni: FS: BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um notkun á frístundakorti til að greiða niður sumarnámskeið - R19040222

Frá: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is <Olof.Magnusdottir@reykjavik.is>
Sent: mánudagur, 29. apríl 2019 10:59
Til: ÍTR netfang <itr@reykjavik.is>
Efni: Fw: BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um notkun á frístundakorti til að greiða niður sumarnámskeið - R19040222

Tilvísun í mál: R19040222

Sæl

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks er send íþrótta- og tómstundasviði til umsagnar. Óskað er eftir að umsógn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R19040222

BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um notkun á frístundakorti til að greiða niður sumarnámskeið - R19040222

BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um notkun á frístundakorti til að greiða niður sumarnámskeið - R19040222

Afhverju er ekki hægt að nota frístundakortið til að niðurgreiða sumarnámskeið? Í reglum kemur fram að ekki séu veittir styrkir vegna hefðbundinna sumarnámskeiða sem ná ekki 10 vikna lengd nema sérstök og málefnaleg sjónarmið eigi við. Íþrótta- og tómstundasvið metur hvort veita eigi undanþágu hverju sinni. Hver er ástæða þess?